



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Alþingi
Erindi nr. P 125/672
komudagur 20.1.2000

Reykjavík 18. janúar 2000.

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund

150 Reykjavík

Efni: Umsögn um 237. mál, Frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Shengen-samstarfinu.

Um leið og við þökkum fyrirspurnina leyfum við okkur að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið, en það var rætt á fundi framkvæmdastjórnar LL í gær.

Við lýsum undrun okkar og mótmælum harðlega að 9. og 10 grein frumvarpsins nái fram að ganga með þeim hætti sem hún er hér til kynningar.

Lögreglumenn hafa til langs tíma liðið fyrir það metnaðarleysi sem stétt þeirra hefur ítrekað verið sýnd í verki. Enn einu sinni virðist lagt upp með það markmið að úthynna starfsheiti og menntun lögreglumanna og lauma inn í raðir þeirra fólki sem ekki uppfyllir önnur skilyrði þess að geta talist lögreglumenn.

9. grein.

Breytingartillagan felur í sér þá grundvallarbreytingu á 3. grein lögreglulaga að “landamæraverðir” teljist til lögreglumanna. Þeir sem teljast til “lögreglumanna”, hafa skv. orðanna hljóðan vald til ýmissa verka, þ.m.t. afskipta af einstaklingum. Lögin afmarka ekki nánar hverskonar “lögreglumenn” um sé að ræða heldur er þeim lögð á herðar hlýðniskylda við yfirboðara sína. “Landamæraverðir” geta því hæglega verið komnir til annarra verka lögreglu áður en langt um liður, með próf fyrir landamæraverði, hvað sem felst svo í því hugtaki.

10. grein.

Í fyrsta lagi virðist greinin gera ráð fyrir því að óheimilt sé að skipa fólk sem hefur lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins en ekki að heimilt sé að skipa fólk, þó það hafi ekki lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins.

Hér er í reynd verið að leggja til að ríkislögreglustjóri geti skipað embættismenn til fimm ára í senn, lögreglumenn til að sinna landamæravörslu. Það er staðreynd, að í nokkrum nágrannalanda okkar hafa verið ráðnir landamæraverðir til að annast vegabréfaeftirlit undir stjórn lögreglu. Landamæraverðirnir klæðast sérstökum einkennisfatnaði sem er

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

aðgreindur frá einkennisfatnaði lögreglu og þeir auðkenndir með sérstökum einkennum sem lýsir stöðu þeirra, svo sem “passkontrol”. Þó vart verði séð að þátttaka okkar í Shengen-samstarfinu, kalli á svo mikla aukningu við vegabréfaeftirlit sem hér er gert ráð fyrir, verður á hinn bóginn ekki fram hjá því litið að flugumferð til og frá landinu er bundin ákveðnum álagstímum og kann því að vera skynsamlegt að eiga til góða viðbótarmannafla, t.d. í hlutastarfi. Slíkir landamæraverðir verði þá auðkenndir sem slíkir og starfi undir stjórn lögreglu, fari með lögregluvald á afmörkuðu sviði, sbr. tollverðir, starfsmenn landhelgisgæslu og fleiri sem nánar flokkast undir 9 grein lögreglulaga um handhafa lögregluvalds, en teljast á hinn bóginn ekki til lögreglumanna.

Ýmsar spurningar hljóta að vakna í þessu samhengi.

Hvað er próf fyrir landamæraverði og hvar er hægt að sækja menntun til slíks prófs?

Hversu langt nám er lagt til grundvallar og hver er námskrá þess ?

Hvert verður hið skilgreinda hlutverk þeirra ?

Hvaða vald koma þeir til með að hafa ?

Heyra landamæraverðir til embættismannakafla starfsmannalaga eða er skipan þeirra sem lögreglumanna ætlað að tryggja það ?

Hvaða stétt tilheyra þeir, eru þeim ákvörðuð laun af kjaradómi, kjaranefnd eða fer eitt hvert stéttarfélag með kjarasamningsumboð ?

Skv. framansögðu virðist hér um svo vanhugsaða tillögu að ræða að lagt er til að hún verði felld út úr frumvarpinu. Að því gefnu að nauðsynlegt þyki að stofna sérstakt starfsheiti “landamæravarða”, bendum við á ákvæði 9. greinar lögreglulaga um handhafa lögregluvalds á afmörkuðu sviði. Hjá því verður þó ekki vikist að skilgreina hlutverk og valdsvið nánar eigi breyting þessi fram að ganga.

Virðingarfyllst,


Jónas Magnússon
formaður